

Nr. 57.
3. nóv.

Lög

um

viðauka við lög nr. 26, 22. okt. 1912, um vatnsveitu í löggiltum
verslunarstöðum.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Í þeim kauptúnnum, þar sem ekki er hægt með kleifum kostnaði að veita neysluvatni, skal hreppsnefndum heimilt að gera brunna til almennings notkunar, og fer um kostnað við það, notkun, viðhald og önnur rjettindi, eins og fyrir er mælt um vatnsveitur í lögum nr. 26, 22. okt. 1912.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 3. nóvember 1915.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Einar Arnórsson.